

| tíska | tíðarandinn | heilsa | kvikmyndir | pistlar | matur | stjörnuþá |

birta

blómi í eggi

FETAR NÝJA BRAUT

» *Elín María*

MATUR

Tvær máltíðir með tómötum

WOODY ALLEN

Háðfugl í tilvistarvanda

TÍSKA


Rauðir sólar

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
29. september - 5. október

L' O R



8:00




10:00



13:00



19:00



23:00



www.lorealparis.com

Milla Jovovich sést hér með 140 Beige Doré eftir 16 tíma

É

A

L
PARIS

Vinnur gegn þreytumerkjum.
Helst í **16 tíma**.
Loksins **farði** sem **engan svíkur!**

Nýjung

infallible **16T**
make-up

NON-STOP PERFECTING FOUNDATION

CO-RESISTIUM™ TÆKNIN TRYGGIR
SÉRLEGA LANGVARANDI ÞEKJUN:

- ENGAR ÓJÖFNUR
- ENGAR DÖKKAR RÁKIR
- ENGIN PREYTULEG, GRÁLEIT HÚÐ
- ENGIN GLANSANDI HÚÐ
- SMITAR EKKI

ÚTKOMA: FULLKOMIN HÚÐ SEM ÞÉR FINNST
VERA FRÍSK OG NÝFÖRÐUÐ ALLAN DAGINN.
ENGIN GRÍMUÁHRIF!

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ



L'ORÉAL
PARIS

© 2011 Nestlé

AERO BUBBLES
SÚKKULADÍKÍLLUR
SEM BRÁÐNAÍ
MUNNINUM!
LJUFENGAR SÚKKULADÍKÚLUR MED MINTUBRAGDI.






Þetta helst

- 7 Herramannsmatur á hausti
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandi: Borgarferðir
- 10 Brennslan mín: Jóhannes Bragi Bjarnason
- 12 Óháð og alþjóðleg kvikmyndagerð

Greinar og viðtöl

- 14 Háðfugl í tilvistarvanda
- 18 Carlos Sanchez: Í suðrænni sveiflu
- 20 Elín María: Kýs að takast á við krefjandi verkefni
- 28 Frumlegur vinnubjarkur



Hann/hún

- 26 Tvær máltíðir með tómötum
- 32 Tíska: Eitt skart á dag
- 34 Brynhildur Björnsdóttir elur upp
- 36 Rauðir sólar: Hönnun Christians Louboutin
- 38 Safnarinn
- 40 Tryggvi Gunnarsson segir kynjasögur
- 42 Virk hugleiðsla
- 44 Kettir sem valda ekki ofnæmi
- 46 Mars og Venus kaupa bíl

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

birta

29. september – 5. október 2006 nr. 39

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar
 RITSTJÓRI: Kristín Eva Þórhallsdóttir
 kristineva@frettabladid.is
 ÁBYRGÐARMADUR: Steinunn Stefánsdóttir
 steinunn@frettabladid.is
 RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
 Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
 DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
 Jón Laufdal / jonl@frettabladid.is
 Sölustjóri / 550 5845 / 899 0797
 Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is
 Markaðsfulltrúi / 550 5854 / 866 0796
 Ragna R. Rúnarsdóttir / ragna.rosa.runarsdottir@365.is
 Markaðsfulltrúi / 550 5863 / 896 6677
 Auður Harpa Andrésdóttir / audur.harpa@365.is
 Markaðsfulltrúi / 550 5828 / 892 8873

UMBROT: 365 – prentmiðlar
 Atli Þór Fanndal og Linda Stefánsdóttir

PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
 FORSÍÐUMYND: Valli
 NETFANG: birta@frettabladid.is
 Birta er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

PERLAN

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.

4 RÉTTA VEISLUR

Njóttu kvöldsins með einstakri sælkeraveislu!



4ra rétta villibráð

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira
og grilluðum humarhólum

REYKT HÖRPUSKEL
með smjörsteiktum vorlauk
og blómkálsmauki

KRÓNHJARTARFILE
með kartöflukrökettum, rjómasoðnu
hvitkáli og kóngasveppasósu

LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk
með vanillufroðu

Perlur hafsins

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira
og grilluðum humarhólum

REYKT HÖRPUSKEL
með smjörsteiktum vorlauk
og blómkálsmauki

FISKI-TVENNA
ferskasta sjófang hverju sinni

LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk
með vanillufroðu

Veldu þér veislu á 5.950 kr.

4ra rétta veislu er aðeins í boði fyrir allt borðið.
Ef gerðar eru breytingar á réttum þarf að greiða fullt verð á matselli sem er kr. 8.750,-

Villbráðarhlaðborð

19.október - 22.nóvember

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess í besta villibráðarhlaðborði landsins.

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínnum.

Aðeins 6.590 kr.

Tilboð mánudaga-miðvikudaga: 5.590 kr.

Jólahlaðborð

23.nóvember - 30.desember

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hefst seinni part nóvembermánaðar en það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínnum.

Aðeins 6.250 kr.

Tilboð mánudaga-þriðjudaga: 5.250 kr.



Texti: GUNNPÓRA GUNNARSDÓTTIR
Mynd: HÖRÐUR

Herramannsmatur á hausti

Fjölmargir Íslendingar eru aldri upp við sláturgerð á heimilum og við hæfi er að bera heita blóðmör og lifrarpylsu á borð á þessum árstíma, hvort sem slátrið er heimagera eða keypt tilbúið. Haustið er sá tími sem í Íslandssögunni hefur einkennt af öflun vetrarforða fyrir heimilin. Þar með má telja nýtingu alls þess sem sláturdýrin gefa af sér. Þó svo neysluvenjur hafi breyst og ungmennin fúlasi við ýmsu því sem eldri kynslóðin ólst upp við er mikilvægt að halda í hefðirnar og efna til sláturveislu á haustin með nýuppteknum kartöflum og rófum. Það er ljúffengur matur, saðsamur og hollur.



BORGARFERÐIR

London, París og New York. Heimsborgir uppfullar af spennandi menningu, varningi, ljúffengum mat, tísku og áhugaverðu fólki. Þar kemur haustið mun seinna en hér og því lengir heimsókn þangað sumarið til muna. London og Kaupmannahöfn eru þær borgir sem flestir hoppa til, en borgir eins og Prag, Helsinki og Pétursborg eru staðir sem einnig er vert að kíkja á.

FÁTT ER LEIÐINLEGRA EN AÐ BÍÐA Í BIÐRÖÐ Á FLUGVELLI

Vertu alltaf með vegabréfið og flugmiðann tiltækan. Á leiðinni í vopnaleitarbiðröðina skaltu taka allt úr vösunum þínum og setja í handfarangurinn. Á sumum flugvöllum þarf að setja skóna í gegnumlýsingartækið og reglum um stærð handfarangurs er fylgt í þaula.



TIL AÐ GERA FLUGIÐ SEM ÁNÆGJULEGAST skaltu fara úr skónum sem fyrst. Gott getur verið að hafa kotta eða púða til að hjálpa þér að sofa á leiðinni og stytta þá tilbreytingarlausu lífsreynslu sem flugferðir eru. Ef þú átt erfitt með að sofa geta vonduð heyrnartól sem útiloka umhverfshljóð verið svarið.



PRAG ER GÖMUL OG SÉRSTAKLEGA SJARMERANDI BORG Myndavélin ætti aldrei að vera langt undan, því borgin býr yfir sérstökum svarthvítum sjarma sem dregur fram listamanninn í manni. Verðlag er gott, og á tímum þar sem allt er í tísku er eflaust hægt að finna margar gersemar, svo ekki sé nú talað um allan flotta kristallinn. Kling.

ÞAÐ HEFUR LÖNGUM VERIÐ SIÐUR ÍSLENDINGA að kaupa allt steini léttara þegar ferðast er erlendis. Reyndu að nálgast ferðalagið þitt með öðrum hætti. Njóttu þess að sofa aðeins frameftir á hóteli, gefa þér góðan tíma á veitinga- og kaffihúsum og kíkja í langan göngutúr eða jafnvel á safn.



heitt & kalt

Heitt

Heitt



HÁIR HANSKAR Viðar peysur og jakkar sem fylgja grunge tískunni kalla á háa flotta hanska sem bæði eru töff og veita vörn fyrir kulda.

Volgt



GÖNGUKLÚBBAR Nú er það heitt meðal vinnufélaga að stofna gönguklúbba og arka upp og niður fjöll. Holt og skemmtilegt.

Hvorki heitt né kalt



PALLÍETTUR Já hvað skal segja. Þær eru ekki alveg horfnar en eru ekkert sérlega vinsælar. Sjáum hvað setur.

Vrið stofuhita



SLÚÐUR Hverjum er ekki sama?

Ískalt



SUBBUSKAPUR Ekki henda ruslinu á göturnar. Til hvers haldið þið að ruslunnur séu?





Allir velkomnir



Komdu,
smakkaðu og
upplifðu!

OSTA DAGAR²⁰⁰⁶

í Vetrargarðinum í Smáralind
laugardaginn 30. september kl. 11–18
sunnudaginn 1. október kl. 13–18

Kíktu á **Ostadaga 2006** og kynntu þér íslenska ostaframleiðslu. **Nýjungarnar í ár eru svo sannarlega spennandi! Nýr ostavefur** opnaður. **Happdrætti** með ferðavinningi fyrir tvo frá Iceland Express. **Kokkalandslíðið** sýnir listir sínar og veitir ráðgjöf. **Verðlaunaostar, Skólahreysti, uppskriftir** og margt, margt fleira.

Hver er besti osturinn 2006? Hver verður ostameistari Íslands 2006? Svalaðu forvitninni og kittaðu bragðlaukana um helgina. **Það kostar ekkert!**





brennslan mín ...
Jóhannes Bragi Bjarnason

Hlustar líka á dægurlagasöngkonur

Jóhannes Bjarnason, eða Jói B, er annar helmingur plötusnúðadúetsins Gullfoss og Geysis. Hinn er Reynir Lyngdal leikstjóri og hafa þeir verið iðnir við að skemmta landsmönnum undanfarin ár. Jói vinnur á auglýsingastofunni Fiton og stendur í stóræðum um þessar mundir, vegna róttækra breytinga á íbúðinni sinni. Hann fylgist vel með straumum og stefnum í tónlist. „Ég er líka undir áhrifum frá tónlistarsmekk vina minna,“ segir hann og bætir við að áhugi kærustunnar á dægurlagasöngkonum setji einnig strik í reikninginn. „Listinn sem ég setti saman af gefnu tilefni hentar helst til hlustunar í nýju dönsku græjunum mínum eða í bílum á leiðinni út á land.“

- LAG 1 Africa með Toto.** Byrjum diskinn á að hlusta á LANGA lifandi upptöku af laginu og hugsum fallega til fjölskyldu Steves „Croc“ Irwin sem lést með voveiflegum hætti um daginn eins og flestum ætti að vera orðið kunnugt um.
- LAG 2 Albatross með Fleetwood Mac.** Frábært að vakna við þetta lag, áður en maður dembir sér í það næsta.
- LAG 3 Sunday Morning Coming Down með Kris Kristofferson og Steve Earle.** Lag sem skylt er að blasta meðan maður gleypir verkjalyf og býr sig undir að vinna próaktívt með timburmennina frá kvöldinu áður. Í svoliðis ástandi mæli ég með Vesturbæjarsundlaug.
- LAG 4 Pasttime paradise með Stevie Wonder.** Meistari Wonder klikkar seint, en rapparinn Coolio gengisfelldi þetta lag dálítið fyrir svona 10 árum með því að sampla upphafsstefinu.
- LAG 5 Mark Ronson með Just og Alex Greenwald.** Radiohead „cover“ gert á snildarlegan hátt, meira að segja með túbu.
- LAG 6 Upphafsstef þáttanna um einkaspæjarann Magnum PI.** eftir Mike Post. Mike Post er náttúrulega bara snillingur svo lagið verður að fá að fljóta með.
- LAG 7 Everybody Plays the Fool með Chosen Few.** Gamalt „motown“ lag sem hefur verið í miklu uppáhaldi hjá mér upp á síðkastið. Nú í öflugri reggi útgáfu.
- LAG 8 Disco dance with you með Teki.** Spankrock endurhljóðblönduð útgáfa með Amöndu Blank. Endurhljóðblönduð útgáfa af lagi sem Tony Soprano úr Sopranos-þáttunum hlustaði á í menntaskóla. Ungæðisleg endurhljóðblanda frá Baltimore sem fær fólk til að hrista á sér rassinn.
- LAG 9 Sweet Dreams með Eurythmics.** Þetta lag virkar hvar og hvenær sem er.
- LAG 10 Puppy eyes með Funerals.** Minimalista-tónlist sem virkar. Bíð spennur eftir að heyra meira frá þessu snildarbandi.



» birta mælir með ...

... **BÖRN** Loksins tókst það. Vel skrifuð, vel leikin og vel leikstýrð íslensk kvikmynd á íslensku. Grípandi og raunsæ saga sem snertir við manni og skilur eitthvað eftir, eins og góðar myndir eiga að gera.



... **GEISLADISKNUM ROMM TOMM TOMM** Frumsamin latíntónlist kontrabassaleikarans Tómasar R. Einarssonar kemur manni umsvifalaust í stuð og ekki er nokkur leið að komast hjá því að dilla sér við skemmtilegan taktinn. Sérstaklega er lagið Jörfagleði, sem nefnt er eftir þekktustu og villtustu samkomu Íslandssögunnar, tilvalið til sveiflu á dansgólfinu.

... **REYKJAVÍK-ÚRLAUNSAÞRI** Ljósmyndasýningin Reykjavík – Úr launsaþri skartar ákaflega skemmtilegum ljósmyndum af mannlífi Reykjavíkurborgar. Ari Sigvaldason tók myndirnar sem flestar eru af óvæntum augnablikum á götum borgarinnar. Sýninguna er vert að sjá en hún er haldin í Gerðubergi.



Blátennt brettahúfa

NÝTT

Eins og allar alvöru gellur skellir Birta sér sjóðheita á snjóþretti um leið og fer að snjó. Hún er líka farin að undirbúa jólagjafaóskalistann og á honum má meðal annars finna þessa brjálæðislega flottu snjóbrettahúfu úr R.E.D. línunni frá Burton.

Fyrir utan að auka gellustuðulinn svo um munar eru stórsníðugir Bluetooth-hæfir hátalar festir í húfunu. Þannig að ef þú ert að renna þér í Bláfjöllum með uppáhalds Pink lagið í botni og síminn hringir, þarftu aðeins að snúa öðru heyrnartólinu til að húfan breytist í handfrjálstan símabúnað. Það allra besta er að hægt er að virkja símtalið þó að þú sért með þykka hanska á höndunum og að hljóðneminna eyðir vindhljóðum svo þú getur haldið áfram að renna þér á fullri ferð á meðan þú spjallar í símann.

Hátalarana er hægt að taka úr húfunni og festa á Dj-heyrnartól svo þú verðir jafn svöl á djamminu og í brekkunum. Hægt er að kaupa húfunu á www.shopmotorola.ca eða athuga lagerstöðuna hjá GÁP, umboðsaðila Burton á Íslandi, þegar fer að snjó.





Taktu upp nýja siði heilsunnar vegna!

Aðeins þú getur mótað líkama þinn, en **Special K** stendur með þér alla leið við að koma þér í framtíðarform. Það er nefnilega aldrei of seint að taka upp nýja og góða siði.

Settu þér raunhæf markmið og farðu rólega af stað, til dæmis með því að stunda göngu, skokk eða sund. Það er góður og heilbrigður siður að borða reglulega skál af **Special K**, sem er tröðfullt af vítamínum og trefjum en veitir þér jafnframt kraft til að hreyfa þig og standast eril dagsins.

Special K - með þér í heilsuátaki til framtíðar.





Viðtal: ROALD EYVINDSSON
Myndir: GVA

» ÓHÁÐ OG ALÞJÓÐLEG KVIKMYNDAGERÐ

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík hófst í gær og stendur til 8. október, en á hátíðinni verður úr mörgum vönduðum og áhugaverðum kvikmyndum að velja.

HVER ER MUNURINN Á ÞESSARI HÁTÍÐ OG ICELAND FILM FESTIVAL?

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík leggur áherslu á að kynna það allra nýjasta úr óháðri og alþjóðlegri kvikmyndagerð. Við bjóðum ekki upp á myndir sem ættu í raun að vera í kvikmyndahúsum allt árið um kring og fara í almenna dreifingu. Við erum sjálfstæð og lítum á hverja bíóferð sem hálfgerða ævintýraferð.

ER ÞÖRF Á TVEIMUR KVIKMYNDAHÁTÍÐUM, SÉRSTAKLEGA MEÐ SVONA LITLU MILLIBILI?

Vissulega er óheppilegt að úrvalið í kvikmyndahúsum stórbatni á jafn stuttu tímabili, því þá er hætt við að afgangur ársins standist ekki samanburðinn. Við höfum náð samkomulagi við dreifingaraðila um að þeir sýni myndir sínar á vorin, þannig að við getum búið ein að haustinu. Vonandi verður þróunin þó sú að myndir dreifingaraðilanna fari í almennar sýningar svo Íslendingar geti séð myndir frá öllum heimshornum allt árið um kring.

VERÐA ÍSLENSKAR MYNDIR SÝNDAR Á HÁTÍÐINI?

Já. Íslensku myndirnar hafa verið settar saman í flokk sem kallast „Ísland í brennidepli.“ Í honum verða meðal annars myndin „Vertu eðlilegur“ eftir Ólaf Jóhannesson, stuttmyndin „Góðir gestir“, heimildamyndin „Reiði guðanna“ eftir Jón Gústafsson sem fjallar um gerð Bjólfskviðu, teiknimyndin „Anna og skapsveiflurnar“ sem fyrirtækið Caoz hefur lengi unnið að, og „Þegar börn leika sér á himnum“ og „Með dauðann á hendi“, sem eru báðar framleiddar af Íslendingum.

ERU EINHVERJAR MYNDIR SEM ER SÉRSTAKLEGA VERT AÐ FYLGJAST MEÐ?

Allar myndirnar eru áhugaverðar fyrir einhverjar sakir. Ég býð sjálf spennu eftir ungersku myndinni „Ferskt loft“, sem fjallar um mæðgur í sitt hvorum heiminum, Grbavica, sem segir frá eftirmálum stríðsins í Sarajevó, og heimildamyndinni „Áður en flogið er aftur til jarðar“, áhrifamikilli sýn á baráttu barna við hvítblæði. Svo eru það

heimildamyndin „Gasolin“, sem fjallar um fyrstu hljómsveit Kims Larsen, og „Lím“, sem fjallar um unglingsár vinahóps í Argentínu, sem eru báðar í léttari kantinum.

HVERNIG HEFUR SAMKEPPNI UM BESTU HEIMAGERÐU HEIMILDAMYNDINA GENGIÐ?

Ljómandi vel. Þátttakan fór hægt af stað en myndirnar hrúguðust inn á lokaspertinum. Dómnefndin er í startholunum og úrslitin verða kunngjörð á Thorvaldsen 8. október.

ER VON Á MÖRGUM ERLENDUM GESTUM Í TILEFNI HÁTÍÐARINNAR?

Reyndar eigum við von á um 200 manns! Flestir þeirra eru leikstjórar og blaðamenn, en við höfum einnig heyrt af erlendum kvikmyndaklúbbum sem hafa ákveðið að skella sér hingað til að kíkja á dagskrána.

HVERNIG ER HÆGT AÐ NÁLGAST MIÐA?

Hægt er að kaupa sér miða á www.filmfest.is, í kvikmyndahúsum og á upplýsingamiðstöð hátíðarinnar á Thorvaldsen við Austurvöll.



defining power mascara

High Definition Lashes Brush-then-Comb Mascara

Lengri en nokkru sínni

Bursta, greiða.

Undirstrika.

Burstinn þekur augnhárin dramatískum og endingargóðum lit.

Greiðan aðskilur augnhárin fullkomlega.

Hvert einstakt augnhár óðlast ótrúlega lengd og áherslu.

Prófað af augnlæknum.


Ofnæmisprófað.

Án ilmeftna.

CLINIQUE

Woody Allen (01.12.1935) fagnar fjörutíu ára starfs-afmæli í ár og hefur á þeim tíma sent frá sér ótrúlegan fjölda kvikmynda kryddaðan athyglisverðum samtölum og góðum leik.

Háðfugl í kilvistarvanda



Árið 1966 sendi Allen frá sér sína fyrstu mynd „What’s Up, Tiger Lily?“ og hefur síðan þá nánast undantekningarlaust sent frá sér eina mynd á ári.

Þrátt fyrir að þessi skemmtilegi háðfugl eigi jafn margar myndir að baki og raun ber vitni og þær megi flokka undir ólíkar kvikmyndagreinar, allt frá dellumyndum á borð við „Sleepy“ (1973) upp í hádramatískar myndir á borð við „Match Point“ (2005), bera þær sterk höfundareinkenni.

ÁST Í MEINUM OG MORÐ AÐ YFIRLÖGÐU RÁÐI

Myndir Allen segja oft frá taugaveikluðum leikstjóra, handritshöfundum eða rithöfundum sem á í tilvistarkreppu. Allen hefur oft en ekki tekið þetta hlutverk að sér, sem hefur ýtt undir þá hugmynd að myndir hans séu að einhverju leyti sjálfsævisögulegar þótt hann þvertaki fyrir það sjálfur.

Ástarsambönd eru oft í forgrunni í verkum Allens. Hetjan þarf gjarnan að velja á milli móðurlegrar, traustvekjandi konu og kraftmikillar, listhneigðrar konu. Stundum leiðir það til framhjáhalds, sem getur endað með ósköpum, jafn vel morðs að yfirlögðu ráði. Eitt helsta einkenni á myndum Allens eru

síðan áhugaverð samtöl af heimspökilegum toga, uppfull af hnyttum tilsvörum. Samtölin valda því að sumir þola ekki myndir Allens, sér í lagi komi þau úr hans eigin munni, á meðan öðrum finnst þau setja ákveðinn gæðastimpil á myndirnar. Þá velur Allen sér borgina New York yfirleitt sem sögusvið kvikmynda sinna. Aðspurður út í ástæðuna, sagðist hann vera andstæða leikstjóra á borð við Steven Spielberg og Martin Scorsese sem hafast kannski mánuðum saman við úti í óbyggðum til að gera eina kvikmynd. Persónulega þyrfti hann að vera í nánum tengslum við starfsumhverfi sitt og því yrði New York fyrir valinu þar sem hann er borinn og barnfæddur.

ÁSTAR-HATURSSAMBAND VIÐ HOLLYWOOD

Svo mikil er ástríða Allen á New York að hann fann sig knúinn til að koma fram á Óskarsverðlaunahátíðinni árið 2002, þar sem hann hvatti kvikmyndagerðarmenn til að mynda áfram í borginni þrátt fyrir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001. Allen hefur nefnilega megnustu óbeit á verðlaunaafhendingum á borð við Óskarin og lét eitt sinn hafa það eftir sér að með því

að veita verðlaunum viðtöku gæfi maður sömuleiðis samþykki fyrir því að næsta kvikmynd sem ynni ekki hafi þá ekki átt þau skilið.

Þrátt fyrir yfirlýsingar af þessu tagi er Allen í miklu uppáhaldi hjá Óskarsverðlauna-akademíunni. Hann hefur á ferli sínum fengið fjórtán tilnefningar fyrir handritsskrif og sex fyrir leikstjórn og unnið tvenn í fyrri flokknum og ein í þeim seinni. Þá eru óupptalin ógrynni verðlauna og tilnefninga sem myndir hans hafa fengið í öðrum flokkum, einkum fyrir bestan leik. Það gæti að hluta til útskýrt ástfóstrið sem akademían hefur tekið við Allen, þar sem hún samanstendur að stórum hluta af leikurum.

NÝTUR HYLLOU Á MEDAL LEIKARA- STÉTTARINNAR

Leikarar hreinlega keppast um að leika í myndum Allens og það er þekkt að stórstjörnur á borð við Leonardo diCaprio, Goldie Hawn og Scarlett Johansson slái af launakröfunum til að fá hlutverk, í þeirri von um að það skili þeim góðri gagnrýni og ef best lætur einni eða tveimur gullstyttnum. Allen er nefnilega meistari í að laða það besta fram í leikurum sínum,

Kojur og kómmóður í barnaherbergið

Mikið úrval af húsgögnum fyrir börn og unglinga



Oklahoma leikrúm kr. 45.100_{stgr.}
með útdraganlegu skrifborði og Springdýnu



Oklahoma koja kr. 56.400_{stgr.}
með 2 Springdýnum



Louise koja kr. 85.100_{stgr.}
með 2 Springdýnum



Louise kómmóða kr. 29.300_{stgr.}

LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

„Síðan við skildum hef ég reynt að finna handa honum konu, einhverja sem passar vel við persónuleika hans. Ég er farin að hallast að þeirri skoðun að jarðar-búar séu einfaldlega ekki nógu margir.“

- Steffie Dandridge (Goldie Hawn) um Joe Berlin (Woody Allen) í „Everyone Says I Love You“ (1996).



Hér sést Allen við tökur á „Scoop“ með aðalleikurunum Scarlett Johansson og Hugh Jackman.

þannig að mesti meðaljón virðist geisla af hæfileikum.

Auk þess er Allen sagður auðveldur í umgengni á tókustað og kröfulítill á samstarfsmenn sína. Hann eyðir til að mynda litlum tíma í tökur, vill helst ljúka þeim á sem stystum tíma, svo verk-efninu ljúki sem fyrst og hann geti snúið sér að því næsta.

Allen hefur sjálfur sagt að hann myndi ekki hika við að ljúka tókudegi fyrr væri leikur með New York Knicks að hefjast. Þessi leti, eins og Allen kallar það, gæti að hluta útskýrt áhuga hans á því að taka myndir sínar í New York, vegna þess hve lítillar fyrirhafnar það krefst af hans hálfu.



Í „Small Time Crooks“, sem er undir áhrifum frá leikritinu Pygmalion, beinir Allen spjótum sínum að þeim nýrku. Hér sést hann með Tracey Ullman sem fer á kostum sem eiginkona hans.

MATCH POINT TALIN MARKA TÍMAMÓT

Það þótti því draga til tíðinda þegar Allen tilkynnti að hann hygðist taka kvikmyndina „Match Point“ upp í London, en ekki sinni heit-elskuðu New York. Menn töldu því að myndin markaði þáttaskil í kvikmyndagerð leikstjórans og sýnishorn úr henni ýttu sannarlega stoðum undir þá kenningu.

Í fyrstu virðist sjálf „Match Point“ boða brott-hvarf frá fyrri verkum leikstjórans. Þegar betur er að gáð er það í raun umgjörðin sem villir manni sýn. Öll fyrri megineinkenni eru þarna til stað- ar: áhugaverðu samtölin, ástarþríhyrningurinn, framhjáhaldið og morðið.

Nýjasta mynd Allens, „Scoop“ (2006), er fram- hald stefnu Allens á að skjóta á Bretlandi. Sjálfur segir hann London tilvalinn tókustað þar sem borgin veiti honum listrænan innblástur, ólíkt Bandaríkjunum þar sem áhersla sé nú meiri en áður á að framleiða rándýrar myndir með stórgróða í huga.

Allen er einmitt við tökur á næstu mynd sinni í London, sem hefur enn ekki hlotið titil, og þótt umhverfið sé annað er viðbúið að öll helstu höfundareinkenni meistarans verði til staðar. Það er því bara um að gera og hlakka til hafi maður gaman af fyrri verkum Allens. Þeir sem eru í leit að spennu og hraða ættu hins vegar að snúa sér annað.



Allen stóð á sama um allt umstangið sem varð í kringum mynd hans „Annie Hall“ (1977), þar sem hann lék á móti Diane Keaton. Myndin fékk fimm óskarsverðlaunatilnefningar.



VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Dreifðu staðgreiðslunni

VISA Lán er hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

- + Staðgreiðsluverð
- + Lægri vextir
- + Lægri kostnaður
- + Til allt að 36 mánaða
- + Framlengdur ábyrgðartími
- + Flutningstrygging
- + Vildarpunktur

VISA

Spurðu um VISA Lán

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan
eða í síma 525 2000

Í suðrænni sveiflu

Carlos Sanchez salsakennari innleiddi salsa á Íslandi fyrir tæpum áratug og er ánægður með hversu vel hefur gengið að kenna landsmönnum réttu taktana.

Carlos hefur kennt salsa á Íslandi síðan árið 1994, eða frá því að hann flutti hingað frá Bandaríkjunum með Rannveigu Oddsdóttur eiginkonu sinni. Hann er fæddur og uppalinn í Lima, höfuðborg Perú, þar sem dansinn er fólki í blóð borinn og ein helsta fjölskyldu-skemmtun sem völ er á.

„Öll fjölskyldan hittist til að skemmta sér og dansa um helgar, foreldrar, frænkur, frændur, systkini, afar, ömmur og allt niður í lítill börn,“ útskýrir Carlos. „Í Perú er nefnilega hefð fyrir því að börn byrji ung í salsa.“

„Faðir minn, sem er frá Kúbu, og bróðir eru miklir dansarar og höfðu sterk áhrif á mig í barnæsku,“ segir Carlos, spurður hvort hann hafi alltaf dreymt um að verða atvinnudansari. „Fimm ára var ég farinn að dansa og hóf þátttöku á twist-mótum um átta ára aldur. Þannig mótaði reynslan mig og stýrði mér inn á þessa braut. Ég var strax orðinn dansmeistari á þessum fyrstu árum.“

Reynslan úr dansinum kom Carlosi að góðum notum þegar hann fluttist til New York þar sem hann kenndi salsa um nokkurt skeið og kynntist tilvonandi eiginkonu sinni, Rannveigu. „Það leið ekki á löngu frá því að við kynntumst þar til Rannveig fór að læra dans og hún er nú orðin ansi góð,“ segir hann, auðheyrilega ánægður með frammistöðu eiginkonunnar.

Carlos og Rannveig tóku snemma ákvörðun um að flytjast til Íslands og það er ekki laust við að honum hafi þótt vistaskiptin erfið. „Það tók í fyrstu á að flytja úr erli stórborgarinnar til lítills lands eins og Íslands,“ útskýrir hann og bætir við að dansinn hafi hjálpað sér við að komast yfir umskiptin.

„Ég hellti mér út í danskennslu hjá Kramhúsinu eftir komuna til landsins, þar sem ég kenni nú salsa og merunge auk þess að koma á vinnustaði og í samkvæmi,“ segir Carlos. „Í raun innleiddi ég salsa á Íslandi, sem var nokkurn veginn óþekkt, og varði tíma í að koma fólki í skilning um að salsa, kúbverskt salsa og suðræn sveifla eru einn og sami hluturinn.“

Eftir brösóttu byrjun í danskennslunni, sem rekja mátti til þess að fólk vissi ekki hvað því átti að finnast um salsa, fóru hlutirnir að ganga betur að sögn Carlosar. „Ég get ekki annað en verið ánægður með þróun mála,“ segir hann. „Nemendum mínum, sem koma alls staðar að úr heiminum, hefur fjölgað ört á síðastliðnum árum og telja nú eitthvað á fimmta hundrað manns. Íslendingum hefur einnig farið töluvert fram í salsa á þessum stutta tíma og ljóst að dansinn hefur fest sig í sessi.“

Carlos hefur verið að gera góða hluti í danskennslu og ætlar sér enn meira, því hann er nýfarinn af stað með dansnámskeið hjá Dansþróttafélagi Hafnarfjarðar ætlað einstaklingum og pörum. „Ég vonast til að sjá sem flesta, enda veitir það mér einstaka ánægju að geta deilt ástríðu minni með öðrum,“ segir hann.





SÓMABAKKAR

PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*



*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.



Nánari upplýsingar á somi.is

Kýs að takast á við krefjandi verkefni

Elín María Björnsdóttir er þrautþjálfuð í hlutverki spyrils úr brúðkaupsþættinum Já sem hún hefur séð um í sjö sumur á Skjá einum. Þegar fréttist að hún væri líka búin að taka að sér stjórn hinnar nýju heimilisvöruverslunar Eggsins, vaknaði löngun til að kynnast henni nánar. Því var nú komið að henni að sitja fyrir svörum.

„Fyrirgefðu að ég lét þig bíða. Ég var úti að taka á móti vörum,“ segir Elín María brosandí og breiðir þannig yfir óstundvísi mína. Þetta er kona sem kann greinilega að láta öðrum líða vel, hugsa ég og þigg kaffibolla áður en haldið er upp á efri hæð í skrifstofuna hennar. Þar er einungis skrifborð með fartölvu á og tveimur stólum sitt hvoru megin. „Hér er nú allt ósköp hrátt ennþá. Ég fékk þetta herbergi bara í gær og á eftir að koma mér fyrir,“ segir hún afsakandi og býður sæti. Ef hún líkist eitthvað þeirri Elínu Maríu sem við höfum fengið mynd af í brúðkaupsþættinum Já, á hún örugglega eftir að punta eitthvað í kringum sig. Enda ekki langt að fara eftir fallegum hlutum. Sjálf er hún jafn sæt og hún sýnist á skjánun en áður en fræðst er um manneskjuna sjálfa, uppruna og einkahagi er hún innt eftir áhuga sínum á rekstri húsbúnaðarverslunar. „Ég hef alltaf haft áhuga á innanhússhönnun og fagrir munir hafa heillað mig frá fyrstu tíð. Mér finnst mjög gaman að nostra við mitt eigið heimili og að raða hlutum smekklega upp. Það er því afar spennandi verkefni fyrir mig að stýra útliti hér í versluninni Egg og fá að velja hluti sem koma hér inn. En hér er líka gott starfsfólk á öllum sviðum með mikla reynslu að baki og ég nýt vissulega góðs af því. Því ég er bara smá hluti af heildinni. Saman hefur okkur tekist að byggja upp verslun þar sem hægt er að fá allt til að innrétta og fegra heimilið.“ Það eru áreiðanlega orð að sönnu því á meðan blaðamaður dokaði við eftir viðmælanda sínum gat hann ekki betur séð en á sama gólfi fengist allt frá parketi til postulínsvasa.

Í SAMKEPPNI VIÐ ÁSDÍSI HÖLLU

Elín María er ein af fimm börnum þeirra Björns Más Ólafssonar augnlæknis og Sigríðar Ólafsdóttur kennara. Hún telur sig Garðbæing í húð og hár enda hafi hún átt heima í Garðabæ frá átta ára aldri. Ræturnar liggja þó víða og fjölskyldan hafi búið í Svíþjóð þegar hún var barn og síðan í Fossvoginum um tíma. Hún segir gott að búa í Garðabæ. Samfélagið sé hæfilega stórt og þar sé lagt upp úr manngæsku og metnaði, til dæmis í skólamállum. Sjálf hefur hún aðeins verið viðriðin pólitíkina í bænum og núna er hún í leikskólaneftnd. „Ég vil gjarnan leggja mitt af mörkum og hafa einhver áhrif á samfélagið. Í Garðabæ er það mjög auðvelt því ef málefni eru uppbyggjandi þá er hlustað á fólk og ég er ánægð með það,“ segir hún glaðbeitt. Hún er minnt á að hún sé aldeilis komin í hörku samkeppni við fyrrverandi bæjarstjóra, Ásdísi Höllu, sem nú stýrir Byko og hún brosir. „Ég ber mikla virðingu fyrir Ásdísi Höllu og það var fengur fyrir Byko að fá hana til liðs við sig. Við erum kannski ekki beint komnar í samkeppni þar sem störf okkar eru ekki sambærileg, hún er forstjóri stórfyrirtækis og ég rekstrarstjóri Eggsins. Ég hitti Ásdísi Höllu af og til og mér finnst hún frábær manneskja. Hún hefur haft mjög jákvæð og uppbyggileg áhrif á Garðabæ. Ég vona bara að ég hafi lært eitthvað af henni.“

GRÚPPÍA OG VÖGGUVÍSNASÖNGVARI

Eiginmaður Elínar Maríu, Hrafnkell Pálmason er gítarleikari hinnar vinsælu hljómsveitar Í svörtum fötum og Elín María hler þegar hún er spurð hvort hún sé þá ekki grúppía þeirra hljómsveitar. „Jú, jú, að

sjálfsögðu hef ég verið það og stutt hann í öll þessi ár.“ Sjálf kveðst hún bara syngja innan fjölskyldunnar og þó einkum vera í vögguvísunum enda eiga þau hjónin tvær dætur, Sigríði Ósk sjö ára og Tinnu Margréti sem er að verða þriggja.

Elín María er menntaður kennari og hefur auk þess bætt við sig þekkingu á stjórnun og mannaútsstjórnun. Meðfram sjónvarpsvinnunni kveðst hún hafa kennt eðlisfræði, efnafræði og líffræðihlutann í eldri bekkjum Garðaskóla í fimm ár og eftir það tekið að sér að vera kennsluráðgjafi í raungreinum. Einnig sá hún um nýsköpunarkeppni grunnskólanna í fyrravetur. Sennilega er hún sjálf nokkuð góð í nýsköpun. „Ég er að minnsta kosti þannig karakter að ég kýs að takast á við krefjandi verkefni, oft á nýjum sviðum. Ég held maður læri mikið á því, vaxi og þroskist,“ segir hún þegar það er borið undir hana.

Nýsköpunartækifæri kom upp í hendur hennar fyrir hálfu ári þegar henni bauðst rekstrarstjórastaða í verslun sem byggir á nýrri heildarhugmynd hér á Íslandi og sameinar þjónustu margra annarra. „Ég ákvað að slá til og vera með í að koma þessari verslun á fót, það hefur verið mjög spennandi,“ segir hún brosandí. „Verslunin er sniðin kringum viðskiptavininn og auðveldar honum aðgang að vörum. Ég hef sjálf lent í því að flækjast bæinn á enda til að skoða og bera saman vörur og fá það sem mig vantar. Það er mjög þægilegt að koma á einn stað þar sem hægt er að fá allt. Við erum með kerti og servíettur, gjafavörur, postulín, borðbúnað og búsaðöld. Hér er ljósadeild, bæði með stök ljós til að kippa með sér og innfellda lýsingu sem fólk



„Ég vil gjarnan leggja mitt af mörkum og hafa einhver áhrif á samfélagið.“

getur látið hana fyrir sig og í húsgögnunum erum við með nýja línu sem heitir Atmos sem er nánast íslensk hönnun en framleidd í Kína undir evrópskum gæðastöðlum. Hún er miðuð að íslenskum áherslum í húsgagnastíl, þess vegna er línan hér frekar heildstæð. Það gilda ekki sömu tiskulögmál hér á landi og til dæmis í Þýskalandi. Svo getum við líka látið sérsmíða sófa og skápa af einhverri ákveðinni stærð. Það tekur tvo, þrjú mánuði en það er ekkert mál að leysa slíkt.“

HNITMIÐUÐ NÖFN, EGG OG JÁ

Egg er stutt nafn á svo stórrí og yfirgripsmikilli verslun sem Elín María er að lýsa. Hún kveðst sjálf eiga hugmyndina að nafninu. „Í einu eggi er allt sem þarf og þannig er nafnið táknað. Það minnir líka á hreiðurgerð sem er rík í okkur því það skiptir okkur miklu máli að heimili sé notalegt og svo tengist nafnið auðvitað frægri húsgagnahönnun,“ útskýrir hún. Þessar hugleiðingar bera okkur að brúðkaupsþættinum sem heitir enn styttra nafni - Já. Ansi hnitmiðað líka. Elín María kveðst upphafsmanneskja að þeim þætti og vera þakklát fyrir þau góðu viðbrögð sem hann hafi fengið. „Mér hefur þótt gott að fá að sýna jákvætt sjónvarpsefni frá gleði og hamingjustundum í lífi fólks og það hentar mér mjög vel. Nóg er sýnt af sakamállum og morðum og neikvæðum fréttum þó svo slíkt sé líka partur af samfélaginu því miður.“

Aðspurð kveðst hún hafa gift sig langt frá kastljósi fjölmiðla og að sjálfsögðu í Garðakirkju. Á eftir hafi verið veisla í Rafveituhéimilinu í Elliðaárdal. „Það var ofsalega falleg athöfn sem fjölskylda og vinir tóku þátt í og við hjónin minnumst þess dags með gleði og ánægju. Það er langt síðan ég gifti mig en ég




mundi ekki gera neitt öðruvísi í dag,“ segir hún sannfærandi.

Spurð um áhugamálin segir hún þau hjónin hafa ferðast töluvert, bæði vegna atvinnu sinnar og líka í fríum. „Við erum skíðaáhugafólk og erum svolítið í útivist,“ segir hún og bætir við. „Annars er samvera með fjölskyldum okkar og vinahópum okkar besta skemmtun. Við höldum öll vel saman og hittumst oft og mikið.“

Elín María hefur þurft að hafa slökkt á símanum til að fá frið í viðtalinu en nú er varla

vert að halda henni lengur frá sínu erilsama starfi í Egginu. Spurð um næstu verkefni svarar hún brosandi.

„Heyrðu, skipið er bara rétt að leysa landfestar og nú er bara að sigla út á miðin. Ég hef engar áhyggjur af því sem koma skal en að sjálfsögðu verður mikil vinna og mikið álag á öllum hér til þess að veita góða þjónustu og standast allar þær væntingar sem gerðar eru til okkar. Viðtökurnar hafa verið ofsalega góðar. Þetta fer betur af stað en ég þorði að vona.“



BY NIGHT
JETTE

created by Jette Joop

CAMUS:

Hönnun sem endurspeglar breytta tíma

Koníak er án efa finasta brennda vín veraldar. Cognac dregur nafn sitt af samnefðum bæ um 100 km. norð-austur af Bordeaux í Frakklandi. Camus hefur sérstöðu hvað margt varðar þegar talað er um koníaksgerð og framleiðslu. Það er stærsta koníaksbúsið sem rekið er sem fjölskyldufyrirtæki. Camus fjölskyldan hefur framleitt koníak allt frá árinu 1863. Camus hefur verið ráðandi um langt árabil á heimsmarkaði hvað varðar sölu á hágæða koníaki ásamt fágætum sértegundum í kristal- eða postulínsumbúðum.

Nýverið voru flöskur Camus koníaks endurhannaðar. Eru breytingarnar umtalsverðar þótt fyrirtækið sé annars frekar íhaldssamt eins og vera ber um framleiðanda vöru þar sem halda þarf gríðarlega fast í hefðirnar.

Hönnun gegnir æ mikilvægara hlutverki og miklu skiptir að ímynd vörunnar og framsetning myndi eina heild með innihaldinu. Áður fyrr þóttu umbúðir ekki skipta eins miklu máli og má glögg sjá það á flöskunni frá sjötta áratugnum. Ekki var lögð mikil áhersla á listrænu hliðina; flaskan er einföld og mikið af upplýsingum um framleiðandann á flöskumiðanum, alvarleg framsetning sem endurspeglar þá trú að innihaldsins skuli einkum neytt í lækningaskyni.

Flaskan sem kom á markaðinn 1973 er trú hefðinni. Helstu breytingarnar voru þær að nú var hægt að prenta beint á glerið og því ekki þörf á miða úr pappír. Afar karlmannleg flaska og ekki mjög aðgengileg. Einkum fyrir kalda karla.

Níundi áratugurinn var nautnaáratugur og það má sjá á breytingum sem urðu á flöskunni 1980. Flaskan er með frostáferð og gulllituðum miða sem gefa í skyn að drykkurinn sé til ánægju og yndisauka. Þetta útlit lifði ekki lengi því um miðjan níunda áratuginn var gerð róttæk breyting sem átti að endurspeglar breytta tíma, aukna velmegun og bjartsýni. Flaskan er hærri og straumlínulagaðari, kraftmikil en elegant. Hún er gegnsæ og kannski svolítið yfirhlaðinn eins og svo margt var „eitíes“.



1950



1973



1980



1985




1990

Á þessum árum tók markaðsfræðin völdin og öll hönnun þaðan í frá var lögð fyrir rýnihópa og rannsókuð ofan í kjölinn. Allt fram á nýja öld voru breytingarnar smávægilegar, útlitið var einfaldað og nostrað við smáatriði.

Nú, árið 2006, hefur verið tekið stórt stökk. Neytendur hafa mikinn áhuga á uppruna vörunnar og sögu og vilja jafnframt hreina og náttúrulega vöru. Því er áherslan á að hið hreina innihald sjáist vel og náttúrulegur elegans koníaks komi fram. Jafnframt er leitað í sögunna og horfið aftur í tímann með lögum flöskunnar. Síðast en ekki síst eru umbúðirnar neytendavænar, í stað korktappa er kominn skrúfutappi sem gegnir jafnframt hlutverki sjússamælis.



2001



2006


Tvær máltíðir með tómötum

Tómatar eru sérlega hollir og ótrúlega margt hægt að gera úr þeim. Þeir fást líka alltaf og alls staðar, hvað þá niðursoðnir! Hér er uppskrift af súpu sem er vinsæl á mínu heimili. Hún er frábær sem heil máltíð enda matarmikil en einnig sniðug í minna magni í forrétt. Börn eru líka mjög hrifin af henni. Kjúklingurinn er með fljótlegri réttum sem bragðast einstaklega vel. Það er gott að léttsteikja bringurnar aðeins, eins og talað er um í uppskriftinni, en það flýtir fyrir og gerir kjötið fallegra. Verði ykkur að góðu.

TÓMATSÚPA

2 msk. ólífuoflía
800 g niðursoðnir tómatar
3 skalottulaukar, smátt skornir eða
1 rauðlaukur
3 hvítlauksrif, smátt skornin
3 b. kjúklingasoð
salt og svartur pipar
2 tsk. sykur
2 msk. rjómi
hnefi fersk basilíka, söxuð
1 b. makkarónur
4 harðsoðin egg

Mýkið lauk og hvítlauk í olíu í potti. Hellið niðursoðnum tómötum í pottinn og hrærið vel. Hellið soði saman við. Sykrið og smakkið til með salti og pipar. Látið sjóða á vægum hita í tuttugu til þrjátíu mínútur. Rífið basilíkuna út í. Maukið súpuna með töfrasprotta og hrærið rjómann saman við. Látið suðuna koma aftur upp. Setjið bolla af makkarónum út í súpuna og sjóðið skv. leiðbeiningum (um tíu mínútur í viðbót). Berið fram með eggj, parmesanosti og smá pipar.



GRILLAÐUR TÓMATBALSAMKJÚKLINGUR

4 kjúklingabringur, skornar í tvennt þversum
1 kúrbítur, skorinn í þykkar sneiðar
250 g kirsuberjatómatar, skornir í tvennt
1/4 b balsamik edik
2 msk. ólífuolía
2 msk. púðursykur
2 msk. kapers
nokkrir tímankvistir
1 mosarellakúla
svartur pipar

Léttsteikið kjúklingabringurnar á pönnu til að loka þeim. Raðið kúrbítssneiðum í eldfast mót. Leggið kjúklingabringurnar ofan á sneiðarnar. Dreifið tómtötunum yfir. Hrærið saman olíu, balsamik ediki, púðursykri og kapers. Hellið yfir kjúklinginn. Piprið. Leggið ferskt tímán yfir og setjið í 200 gráða heitan ofn í fimmtán mínútur. Takið þá úr ofninum og rífið mosarellaost yfir kjúklinginn. Stingið aftur í ofninn í tíu mínútur. Berið til dæmis fram með salati, risottó eða brauði.



FRUMLEGUR VINNUÞJARKUR

Marc Newson er einn afkastamesti hönnuður nútímans og eftir hann liggja hinir ólíkustu hlutir.

Hinn ástralski Marc Newson er meðal áhrifamestu hönnuða okkar tíma enda virðist hann hafa einstaka hæfileika til að gera hönnun sína alþjóðlega. Hönnun hans þykir í senn frumleg og falleg og einnig hæfilega framúr-stefnuleg. Marc er fæddur í Sydney árið 1963 og útskrifaðist úr listaháskóla þar árið 1984 sem skartgripasmiður og myndhöggvari. Sem hönnuður má heita að hann sá sjálfmenntaður en á þeim tuttugu og tveimur árum sem liðin eru frá því hann lauk listaháskólanum hefur hann afkastað miklu á því sviði og það er allt frá uppþvottagrindum til flugvéla. Fyrir heimili hefur hann hannað hluti eins og glös fyrir Iittala, vörur í eldhús og á baðherbergi fyrir Alessi, húsgögn og húsmuni fyrir Magis og B&B Italia, Idée og Dupont Corian. Margir þessara hluta fást á Íslandi.

Ferill Marcs er glæsilegur og liggja spor hans víða um heim. Aðeins þremur árum eftir útskrift var hann komin til Tokyo þar sem fyrirtækið Idée hóf framleiðslu á húsgögnum hans og náðu þau miklum vinsældum bæði í Asíu og Evrópu. Næst settist hann að í París þar sem hann vann fyrir ítalska



Ekki gefst öllum kostur á að upplifa svona lúxus í flugi. En hér er Marc Newson sjálfur.

framleiðendur og hannaði ljós og húsgögn. Fáum árum seinna fluttist hann til London og stofnaði sitt eigið fyrirtæki sem heitir einfaldlega Marc Newson ehf. Þar hefur hann tekist á við stór og viðamikil verkefni. Marc er mikill vinnuþjarkur sem virðist ekki eyða tíma sínum í hvað sem er. Hann kveðst til dæmis aldrei lesa tímarit né hlusta á útvarp. Yfirleitt vinnur hann að hönnun sinni um borð í flugvélum enda ferðast hann mikið og finnst fátt annað að gera í löngu millilandaflugi en að sökkva sér í verkefni. Eflaust er

það líka ástæða þess að hann hefur hannað sérstaklega stór og þægileg flugvélasæti og einkaþotu.



Gæti ekki verið gott að hafa svona burðargrind sem hægt væri að draga út?



Marc Newson hannar allt frá uppþvottagrindum til farartækja.



Þessa flugvél hannaði Marc 1998.



Sníðugt að geta snúið sætumum í bílnum.



Þægindi í flugi eru Marc hugleikin.



Það getur verið gott að leggja sig í löngu flugi.



KNUD HOLSCHER/d line PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR A/S arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Industrial Design (lönhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtipílin fyrir almenningssalerni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.



d line
Heimsklassa hönnun

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is



FALLEGAR HAUSTVÖRUR



1



2



3



4



5




6



7

- 1. NEXT - KRINGLUNNI. KR. 4.990
- 2. NEXT - KRINGLUNNI. KR. 3.190
- 3. GALLABUXNABÜÐIN - KRINGLUNNI. KR. 2.950
- 4. GALLABUXNABÜÐIN - KRINGLUNNI. KR. 4.950
- 5. BENETTON/SISLEY - SMÁRALIND. KR. 12.495
- 6. NOA NOA - KRINGLUNNI. KR. 10.290
- 7. NEXT - KRINGLUNNI. KR. 6.190





Einstaklega falleg og vönduð **HÁLSFESTI** með trúarlegum táknum. *Debenhams*.

Fallegt **ARMBAND** sem á vel við hversdagsleg tilefni. *Debenhams*.



Sæt **LAUFBLAÐANÆLA** með semalústeinum. Kemur vel út í kraga eða á hatti. *Debenhams*.



Eitt skart á dag

Skartið sem við berum er punkturinn yfir i-ið (eða punkturinn undir i-ið eins og skáldið sagði) á því sem við köllum heildarsvip, hvort sem við berum armbönd, eyrnalokka eða bara eina litla nælu. Sumar konur hafa það fyrir reglu að fara aldrei út úr húsi án þess að setja á sig ilmvatn og að minnsta kosti einn skartgrip og útkoman er sú að þær verða glæsilegri fyrir vikið. Í dag er hægt að fá ótrúlegt úrval skartgripa og glingurs, bæði í tískuvöruverslunum og sérstökum búðum sem selja fylgihluti. Í slíkum tilvikum kostar glingrið oftast ekki mikið og þannig er hægt að eignast skartgrip sem eiga vel við hverja flík, eða hvaða fatasamsetningu sem þú átt til í skápnum.

Fagurlituð **SKEL** með lítilli perlu. *Dorothy Perkins*.



Þykkur **HRINGUR** sem jafnvel væri hægt að bera utan á hanska. *Top Shop*.


Falleg og frjálsgleg **FESTI** með glerkúlu og blómaskrauti. *Top Shop*.



Fallegt **MEN** fyrir þær sem eru og elska fiðrildi. *Dorothy Perkins*.

Nicole Richie lætur yfirleitt ekki sjá sig án einhverra fylgihluta. Hér er hún með sæta, síða eyrnalokka sem fara vel undir hárinu.





WAREHOUSE

Nýjar vörur í hverri viku



Brynhildur Björnsdóttir
elur upp

Bí bí og blaka

Aldrei datt mér í hug að það þyrfti að kenna börnum að sofna. Dóttir mín var reyndar alveg búin að læra þetta sjálf. Hún sofnaði í rúminu okkar foreldra sinna á hinum mjög svo kristilega tíma klukkan átta og svaf í einum rykk til fimm næsta morgun þegar hún fékk sér stærra rúm en það skipti ekki máli. Hún átti það reyndar til að vakna tvisvar þrisvar á kvöldin en þá var nóg að mamma eða pabbi kæmu og tækju hana aðeins í fangið til að hún sofnaði aftur á augabragði. Þetta var fullkomið ástand þangað til litla stúlkan hætti að sofa heilar nætur og vildi fá félagsskap og þjónustu með stuttu millibili. Foreldrana var á svipuðum tíma farið að lengja eftir því að fá smápláss í hjónarúminu sínu. Þau byrjuðu á því að kaupa sér stærra rúm en það skipti ekki máli, litla stúlkan tók þá bara meira pláss í listaverkið, skásettan krossfisk með tvöfaldri sveiflu og hrakti þau hvort út á sinn rúmstokkinn með tilheyrandi veltum og byltum.

Við svo búið mátti ekki standa. Og þegar leitað var ráða hjá vinum og vandamönnum voru þau oftast samhljóða: setjið hana í sitt eigið rúm og látið hana gráta sig í svefn nokkrar nætur, það gengur yfir. Flestir mæltu með því að það væri faðir barnsins sem tæki að sér þennan miður skemmtilega gjörning þar sem móðirin væri bæði líklegri til að brotna undan álaginu og svo myndi mjólkurlyktin af henni æsa upp hungrið í barninu.

Aðferðin er svohljóðandi:

Leggið barnið í rúm sitt og syngið við það nokkur vögguljóð. Breiðið síðan ofan á það og bjóðið góða nótt. Þegar barnið byrjar að gráta af söknuði eftir foreldrum sínum, látið það þá gráta í fimm mínútur. Farið svo inn og huggið það í eina mínútu. Farið aftur út og látið líða fimm mínútur, farið svo aftur inn og endurtakið huggunina. Það er mjög mikilvægt að ekki líði meira en fimm mínútur áður en farið er inn aftur, ef það gerist gæti barnið haldið að foreldrarir hafi yfirgefið það. Eftir styttri tíma finnst barninu það hins vegar hafa töglin og hagldirnar. Og þetta er glíma, fyrstu raunverulegu átökin milli foreldra og barns og barnið verður að skilja hver ræður.

Mér fannst þetta hljóma afar illa og fór strax að kvíða því að heyra barnið mitt gráta sig í svefn nokkur kvöld í röð. Svo fannst mér líka óréttlátt að pabbinn sæti upp með þetta einn.

Við ákváðum því að taka þetta í smáskömmtum. Byrjum á vögguvísunni. Ég reyndi að syngja fyrir hana eitt kvöldið og uppskar hálf tíma samsöng, trommuslátt og gríðarlegan hressileika þar sem átti að vera hæglát ferð inn í draumalandið. Ljóðasöngur einn og sér var greinilega ekki málið. Við ákváðum að okkar aðferð væri sú fara ekki frá henni heldur raula eða segja sögur þangað til hún er sofnuð. Svo sat ég með grátstafinn í verkunum við rimlarúmið nokkur kvöld í röð og raulaði. Dvel ég í draumahöllum á meðan dóttir mín skældi sig í svefn. Og viti menn, eitt kvöldið þegar hún var lögð í sitt rúm greip hún giraffann sem þar býr traustataki og var sofnuð eftir fimm mínútur. Eftir það hefur hún sofið eins og lítill steinn allt upp í tíu tíma í senn. Ekki ég. Nú vakna ég nefnilega oft á nóttu og bíð eftir því að hún vakni. Og hlakka þessi reiðinnar býsn til.

Í leikfimi eftir barnsburð

Hreyfing er alltaf góð en mæður sem eru nýbúnar að eiga börn og eru með þau á brjósti verða að gæta þess að reyna ekki of mikið á sig. Þegar konur byrja í leikfimi eftir meðgöngu ættu þær að hafa nokkur atriði í huga.

Farið hægt af stað og æfið í mjög stuttan tíma í hvert skipti til að byrja með. Ekki reyna strax að vera jafn duglegar í leikfimi og þið voruð fyrir meðgönguna.

Góður íþróttabrástahaldari er nauðsynlegur í leikfiminna en hann verður að halda vel við án þess að vera of þröngur.

Gætið þess að drekka nóg á meðan æfingum stendur og eftir þær. Ef að þið missið of mikinn vökva getur það haft áhrif á brjóstagjöfina.

Borðið nóg af næringarríku snakki milli mála til þess að halda fullri orku. Móðir með barn á brjósti þarf á hitaeningum að halda til þess að framleiða næga mjólk og þið gætuð þurft að bæta upp fyrir þær hitaeningar sem þið misstuð í leikfiminna.

Gætið þess að léttast ekki of hratt og helst ekki missa meira en svona hálf kíló á viku, eða tvö kíló á mánuði, fyrstu mánuðina.



ÓTRÚLEG ÚTSALA Á SKÓM **QUITLET**
FISKISLÓÐ 75

Otrúlegt úrval af dörmu, herra og barnaskóm á góðu verði

<p>STAFENI 26-41</p> <p>1.900,-</p>	<p>STAFENI 27-35</p> <p>2.500,-</p>
<p>STAFENI 26-41</p> <p>3.500,-</p>	<p>STAFENI 26-45</p> <p>2.900,-</p>

OPNUNARTÍMI: Mán-Fös. 13:00-18:00 & Lau. 12:00-18:00
Fiskislað 75 út á Grandi, 101 Reykjavík, s.314-4407

X18 **SKETCHERS!** **every1**

„Ég vil ekki að einhver strjúki mér og verði góður við þíkuna mína“

Þögnin er

VERSTI ÓVINURINN

Öll börn eiga rétt á að geta greint á milli þess hvað má og má ekki gera við líkama þeirra.

Talaðu við barnið þitt og upplýstu það um staðreyndirnar – **því fyrr því betra.**

Barn sem þekkir muninn á réttu og röngu er betur í stakk búið til að neita, segja frá og komast óskaddað frá óeðlilegum kringumstæðum sem það vill ekki taka þátt í.

Rjúfðu þögnina og fræddu barnið þitt – það er á þína ábyrgð

Hvernig tölum við um þetta við börnin? Fáðu leiðbeiningar á www.blattafram.is.
Ef velferð barns er í húfi hringdu í **112**

BLITT ÁFRAM!

RAUÐIR SÓLAR



Kynþokkafullir og kvenlegir skór sem konur um allan heim þróa að ganga í.

